

Stefna um bestu framkvæmd viðskipta

Samþykkt í ágúst 2021 / Ábyrgðaraðili: Regluvarsla

1. Tilgangur og gildissvið

- 1.1. Stefna þessi er sett á grundvelli laga 115/2021um markaði fyrir fjármálagerninga (*lmf.*) og reglugerðar ESB 2017/565.
- 1.2. Með stefnu um bestu framkvæmd viðskipta leitast Kvika banki hf. (*hér eftir nefndur bankinn*) við að leita allra leiða til að ná fram bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptamenn sína við framkvæmd viðskiptafyrirmæla, eignastýringu og fjárfestingaráðgjöf, með tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda til þess að af viðskiptunum verði, umfangs, eðlis og annarra þátta sem máli skipta. Bankinn skal einnig leitast við að upplýsa viðskiptamenn sína um efni reglnanna og afla samþykkis þeirra fyrir þeim í upphafi viðskiptasambands, áður en fyrirmæli eru framkvæmd.
- 1.3. Í stefnunni og viðauka 1 við hana kemur fram á hvaða mörkuðum bankinn framkvæmir viðskiptafyrirmæli viðskiptamanna sinna þegar ekki er óskað eftir sérstakri framkvæmd og á hvaða forsendum starfsmenn bankans byggja við framkvæmd fyrirmæla.
- 1.4. Stefnan gilda um almenna fjárfesta og fagfjárfesta. Stefnan gildir aðeins um viðurkennda gagnaðila hafi þeir sérstaklega óskað eftir því, sbr. 1. og 2. mgr. 51. gr. *lmf.*
- 1.5. Stefnan gildir um framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina, eins og það hugtak er skilgreint í 17. tl. 1. mgr. 4. gr. *lmf.*, nema viðskiptamaður mæli sérstaklega fyrir um tiltekna framkvæmd.
- 1.6. Stefnan gildir ekki þegar bankinn birtir verðtilboð fagfjárfesta, kallar eftir verðtilboði fagfjárfesta eða þegar fagfjárfestar óska eftir verðtilboði. Vörur sem falla ekki undir skilgreiningu laganna heyrja ekki undir stefnu þessa.
- 1.7. Stefnan gildir þegar bankinn beinir fyrirmælum um viðskipti með fjármálagerninga á grundvelli eignastýringar til annarra aðila og þegar hann veitir þjónustu við móttöku og miðlun fyrirmæla til annarra aðila.
- 1.8. Í stefnu þessari skal hugtakið viðskiptastaður þýða skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg eða innmiðlari, viðskiptavaki eða annar aðili sem tryggir seljanleika, sbr. 64. gr. reglugerðar ESB nr. 2017/565. Önnur hugtök skulu hafa sömu þýðingu og fram kemur í *lmf.*
- 1.9. Viðskiptamanni skulu veittar viðeigandi upplýsingar um stefnu þessa fyrir framkvæmd viðskipta og aflað skal fyrirfram samþykkis viðskiptamanns fyrir henni. Í upplýsingunum skal greina skilmerkilega, nægilega ítarlega og á þann hátt að auskilið sé fyrir viðskiptamann hvernig bankinn muni framkvæma viðskiptafyrirmælin.

2. Þættir sem hafa áhrif á bestu framkvæmd viðskipta

- 2.1. Við framkvæmd viðskiptafyrirmæla metur bankinn mikilvægi ólíkra þátta sem geta haft áhrif á verðmyndun eða aðra þætti viðskiptanna, sem eru háðir framkvæmd þeirra af hálfu bankans, með

- það að markmiði að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu viðskiptamanna. Þeir þættir sem koma til skoðunar eru:
- 2.1.1. Verð.
 - 2.1.2. Kostnaður.
 - 2.1.3. Hraði.
 - 2.1.4. Líkur á því að af viðskiptum og uppgjöri verði.
 - 2.1.5. Umfang viðskipta.
 - 2.1.6. Eðli viðskipta.
 - 2.1.7. Uppgjör og greiðsla.
 - 2.1.8. Aðrir þættir sem geta komið til skoðunar við framkvæmd viðskipta.
- 2.2. Bankinn ákvarðar hlutfallslegt vægi einstakra þátta við framkvæmd viðskiptafyrirmæla í hverjum viðskiptum fyrir sig á grundvelli eftirfarandi viðmiða:
- 2.2.1. Hvernig viðkomandi viðskiptamaður er flokkaður samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti.
 - 2.2.2. Eðli og einkenni fjármálagernings.
 - 2.2.3. Eðli og einkenni þeirra viðskiptastaða sem unnt er að beina fyrirmælum til.
 - 2.2.4. Eðli fyrirmæla viðskiptamanns.
- 2.3. Í þeim tilvikum sem bankinn framkvæmir víðskipti á nýmörkuðum geta aðrir þættir, eins og mismunur á kaup og sölugengi (*e. price-spread*), seljanleiki og kostnaður haft aukið vægi í samanburði við þróaðri víðskiptastaði.
- 2.4. Þegar bankinn framkvæmir fyrirmæli fyrir hönd almenns fjárfestis skal besta mögulega niðurstaða m.a. ákvarðaður út frá heildarmati sem felur í sér verð fjármálagernings og kostnað tengdan framkvæmdinni, þ.m.t. öll útgjöld sem víðskiptamaður stofnar til og eru beinlínis tengd framkvæmd fyrirmælanna. Þessi útgjöld geta til dæmis verið þóknanir til víðskiptastaðar, þóknanir vegna greiðslujöfnunar og uppgjörs og allar aðrar þóknanir sem greiddar eru þriðju aðilum sem koma að framkvæmd fyrirmælanna.
- 2.5. Með stefnunni leitast bankinn við að tryggja víðskiptamönnum sanngjarna og skjóta framkvæmd víðskiptafyrirmæla, óháð fyrirmælum annarra víðskiptamanna eða eigin víðskiptahagsmunum. Fyrirmæli sem eru að öðru leyti sambærileg verða framkvæmd í þeirri röð sem þau berast nema slíkt sé ógerlegt vegna þess hvers eðlis fyrirmælin eru eða vegna ríkjandi markaðsaðstæðna eða vegna þess að hagsmunir víðskiptavinarins krefjast þess. Skal tilkynna almennum fjárfesti um hvers kyns raunveruleg vandkvæði sem tengjast því að fyrirmæli séu framkvæmd án tafar og um leið og þessi vandkvæði koma í ljós.
- 2.6. Þegar bankinn hefur umsjón með eða kemur í kring uppgjöri eftir framkvæmd fyrirmæla skal hann gera allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að fjármálagerningar víðskiptavinar eða fjármunir víðskiptavinar, sem veitt er víðtaka við uppgjör eftir framkvæmd þessara fyrirmæla, sé komið til skila án tafar og með víðeigandi hætti á reikning viðkomandi víðskiptavinar.
- 2.7. Þegar bankinn beinir fyrirmælum um víðskipti með fjármálagerninga á grundvelli eignastýringar til annarra aðila eða miðlar fyrirmælum til annarra aðila vegna fjárfestingarráðgjafar, þá telst

bankinn hafa framfylgt reglum um bestu framkvæmd ef hann hefur gert viðeigandi ráðstafanir til að velja þann aðila sem er líklegastur til að ná bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla og hefur eftirlit með framkvæmdinni. Þær viðmiðanir sem taldar eru upp í kafla 3.2. skulu liggja til grundvallar vali á framkvæmdaraðila.

3. Framkvæmd viðskiptafyrirmæla á viðskiptastað

3.1. Bankinn mun framkvæma viðskiptafyrirmæli:

3.1.1. Á viðskiptastað. Í þeim tilvikum sem bankinn hefur ekki beinan aðgang að viðskiptastað eru viðskiptafyrirmæli framkvæmd í gegnum aðra verðbréfamiðlara.

3.1.2. Utan viðskiptastaðar. Í þeim tilfellum eru viðskiptafyrirmæli framkvæmd með eftirfarandi hætti:

- a) Fyrirmæli tveggja eða fleiri viðskiptamanna bankans eru látin mætast.
- b) Bankinn leitar fyrirmæla til að mæta fyrirmælum viðskiptamanns og framkvæmir viðskipti.
- c) Fyrirmæli eru framkvæmd hjá öðrum verðbréfamiðlurum eða markaðsaðilum.

3.1.3. Lista yfir helstu viðskiptastaði sem bankinn notar við framkvæmd viðskiptafyrirmæla er að finna í viðauka 1. Bankinn skal reglulega endurmeta val sitt og notkun á þeim viðskiptastöðum sem tilgreindir eru í viðauka 1, m.t.t. þess að tryggja viðskiptamönnum bestu framkvæmd verðbréfavíðskipta.

3.2. Bankinn metur hverju sinni á hvaða viðskiptastað líklegast er að ná fram bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Við val á viðskiptastað er litið til þeirra atriða sem kunna að eiga við, til dæmis áreiðanleika viðskiptastaðar, möguleika hans á að afgreiða flókna fjármálagerninga, gæða og annarra atriða. Einnig mun bankinn við mat á viðskiptastað taka tillit til eigin umboðslauna og kostnaðar bankans fyrir framkvæmd fyrirmælanna á sérhverjum viðskiptastað. Í þeim tilvikum þar sem aðeins einn viðskiptastaður kemur til greina er litið svo á að bankinn hafi uppfyllt skyldur sínar skv. þessari stefnu.

3.3. Þegar bankinn beinir fyrirmælum um viðskipti með fjármálagerninga til þriðja aðila við framkvæmd eignastýringar eða þegar þriðji aðili veitir þjónustu um móttöku og miðlun fyrirmæla skal bankinn tryggja að farið sé eftir þessari stefnu.

3.4. Eignastýring bankans skal að jafnaði fela markaðsviðskiptum bankans að framkvæma viðskiptafyrirmæli viðskiptamanna sinna. Eignastýring lætur þó framkvæma fyrirmæli viðskiptamanna sinna hjá öðrum verðbréfamiðlurum ef það leiðir til betri niðurstöðu fyrir viðskiptamann í samræmi við þessa stefnu.

3.5. Bankinn leitast við að afgreiða fyrirmæli frá viðskiptamönnum eins fljótt og auðið er með tilliti til aðstæðna á markaði hverju sinni. Til að ná fram bestu niðurstöðu hverju sinni kann viðskiptabeidnum viðskiptamanna að vera safnað saman með öðrum fyrirmælum sem berast bankanum eða beiðnum bankans, að uppfylltum skilyrðum 68 og 69. gr. reglugerðar ESB nr. 2017/565. Ekki er tilkynnt sérstaklega þegar beiðnum er safnað saman. Í einstaka tilvikum kann söfnun beiðna að leiða til þess að ekki náist besta niðurstaða fyrir viðskiptamann og verður viðskiptamaður að fallast á þau viðskipti.

- 3.6. Þegar viðskiptamaður gefur skilyrt fyrirmæli sem, vegna markaðsaðstæðna, er ekki hægt að framkvæma jafn skjótt og þau berast, skal bankinn leitast við að fyrirmælin verði framkvæmd eins fljótt og mögulegt er. Bankinn getur sinnt þessari skyldu sinni með miðlun fyrirmælanna til viðskiptastaðar. Bankanum er þó heimilt að taka ákvörðun um að birta ekki skilyrt fyrirmæli viðskiptamanna opinberlega hafi hann samþykkt það.
- 3.7. Við móttöku og framkvæmd viðskiptafyrirmæla frá lögaðila, skulu starfsmenn bankans tryggja að sá starfsmaður sem þau gaf hafi haft til þess heimild.
- 3.8. Bankinn skal ekki taka við endurgjaldi, afslætti eða ófjárhagslegum ávinningi fyrir að beina fyrirmælum viðskiptavinar til tiltekins viðskiptavettvangs eða viðskiptastaðar sem væri andstætt kröfum lmf. um ráðstafanir vegna hagsmunaárekstra eða umbun.
- 3.9. Bankinn skal árlega útbúa og birta opinberlega, fyrir hvern flokk fjármálagerninga, yfirlit yfir fimm helstu viðskiptastaði með tilliti til umfangs viðskipta síðastliðið ár og upplýsingar um gæði framkvæmdar.

4. Framkvæmd viðskiptafyrirmæla utan viðskiptastaðar

- 4.1. Bankinn getur ákvarðað að nauðsynlegt sé, til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskiptafyrirmæla, að framkvæma fyrirmælin utan viðskiptastaða.
- 4.2. Samkvæmt lmf. er bankanum skylt að afla samþykkis viðskiptamanna fyrirfram ef viðskiptafyrirmæli eru framkvæmd utan viðskiptavettvangs (ef undan eru skilin tilvik þar sem engum viðskiptavettvangi er til að dreifa í lista yfir þá staði þar sem viðkomandi fjármálagerningur gengur kaupum og sölum).

5. Sérstök fyrirmæli viðskiptamanna

- 5.1. Mæli viðskiptamaður fyrir um sérstaka framkvæmd verðbréfiðskipta eða aðra framkvæmd viðskipta en mælt er fyrir um í þessari stefnu skal bankinn leitast við að framkvæma fyrirmæli hans í samræmi við það. Bankinn telst þar með uppfylla skuldbindingu sína um að leita allra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptamenn, að því marki sem hann framkvæmir fyrirmæli eða tiltekinn þátt þeirra samkvæmt sérstökum fyrirmælum viðskiptamanns. Slík fyrirmæli undanþiggja bankann þó ekki frá því að uppfylla aðrar kröfur lmf. um framkvæmd og umgjörð viðskipta, t.d. reglur er kveða á um góða viðskiptahætti.
- 5.2. Sé viðskiptamaður almennur fjárfestir í skilningi lmf. skal bankinn upplýsa hann með skýrum og áberandi hætti um að með því að mæla fyrir um sérstaka framkvæmd viðskiptafyrirmæla eru líkur á að besta mögulega niðurstaða náist ekki.
- 5.3. Ef viðskiptamaður mælir fyrir um sérstaka framkvæmd fyrirmæla að takmörkuðu leyti mun bankinn fylgja þessari stefnu að öðru leyti.

6. Eftirlit og endurskoðun

- 6.1. Bankinn mun fylgjast með skilvirkni við framkvæmd reglnanna til að geta greint galla og gert endurbætur ef tilefni er til. Regluvörður skal hafa eftirlit með skilvirkni og framkvæmd stefnunnar, greina anmarka og fylgja eftir úrbótum eftir. Sérstaklega skal hann fylgjast með því að

viðskiptakerfi bankans veiti bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavininn eða hvort hann þurfi að gera breytingar á fyrirkomulagi sínu við framkvæmd fyrirsmála.

6.2. Stefnan, þ.m.t. mat á mörkuðum í viðauka 1, skulu endurskoðaðar árlega. Auk þess skal endurskoðun fara fram ef veruleg breyting verður sem áhrif hefur á getu bankans til að ná áframhaldandi besta hugsanlega árangri fyrir viðskiptamenn sína. Nýjasta útfærsla reglnanna á hverjum tíma skal vera aðgengileg á vefsíðu bankans, www.kvika.is. Bankinn skal tilkynna viðskiptavinum sínum um verulegar breytingar á fyrirkomulagi sínu og stefnu um framkvæmd fyrirsmála.

7. **Breytingar**

7.1. Breytingar á þessari stefnu verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn bankans hefur samþykkt þær.

7.2. Breytingar á viðauka skulu gerðar skriflega og samþykktar af framkvæmdastjóra markaðsviðskipta.

Samþykkt af stjórn Kviku banka hf., 26. ágúst 2021

VIÐAUKI 1: Listi yfir helstu viðskiptastaði sem bankinn notar við framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

Markaður	Beinn aðgangur	Aðgangur í gegnum þriðja aðila	Verðbréf	Peninga- markaðsskjöl	Hlutdeildar- skírteini	Afleiðu- samningar
OMX markaðir						
OMX Nordic Exchange Copenhagen	x		x			
OMX Nordic Exchange Helsinki		x	x			
OMX Nordic Exchange Reykjavík	x		x			
OMX Nordic Exchange Stockholm	x		x			
Riga Stock Exchange		x	x			
Tallinn Stock Exchange		x	x			
Vilnius Stock Exchange		x	x			
First North markaðir						
Copenhagen First North Market		x	x			
Helsinki First North Market		x	x			
Reykjavík First North Market	x		x			
Riga First North Market		x	x			
Stockholm First North Market		x	x			
Evrópa						

Amsterdam Stock Exchange		x	x			
Athens Stock Exchange, Greece		x	x			
Bucharest Stock Exchange		x	x			
Budapest Stock Exchange		x	x			
Bulgarian Stock Exchange - Sofia		x	x			
EN Brussels, Belgium		x	x			
Frankfurt Stock Exchange, Germany		x	x			
Georgian Stock Exchange		x	x			
Istanbul Stock Exchange		x	x			
Italian Stock Exchange		x	x			
London Stock Exchange, UK		x	x			
Madrid Stock Exchange		x	x			
Oslo Stock Exchange		x	x			
Paris Stock Exchange, France		x	x			
PFTS, Ukraine		x	x			
Prague Stock Exchange		x	x			
Russian Trading		x	x			

System Stock Exchange						
Swiss Exchange		x	x			
Vienna Stock Exchange		x	x			
Warsaw Stock Exchange		x	x			
Xetra, Germany		x	x			
Zagreb Stock Exchange		x	x			
Bandaríkin og Kanada						
Amex, US		x	x			
Nasdaq, US		x	x			
NYSE, US		x	x			
Toronto Stock Exchange, Canada		x	x			

Viðauki samþykktur af framkvæmdastjóra markaðsviðskipta þann 26. ágúst 2021